



Seyðisfirði 6. mars 2006

**Alþingi**

**Erindi nr. P 132/1223**

**komudagur 9.3.2006**

**Nefndasvið alþingis  
Iðnaðarnefnd  
Alþingi 150 Reykjavík.**

Efni: *Umsögn SSA við tillögu til þingsályktunar um stefnumótandi byggðaaætlun 2006-2009, 391 mál.*

Á fundi framkvæmdaráðs SSA 28. febrúar sl var tillagan tekin fyrir.  
Þannig afgreidd.

**Framkvæmdaráð SSA mælir ekki gegn tillögunni, en vísar til innsendra umsagna stjórnar SSA frá í apríl 2005 og aftur í okt. 2005.**

Einnig vill framkvæmdaráð minna á og ítreka samþykkt frá aðalfundi SSA 2005 svohljóðandi:

**Byggðaaætlun 2006-2009  
Skilgreining höfuðborgarsvæðis og landsbyggðar endurskoðuð.**

39. aðalfundur SSA haldinn á Reyðarfirði 15.-16. september 2005 telur nauðsynlegt að við gerð byggðaaætlunar 2006-2009 verði skilgreining um mörk höfuðborgarsvæðisins og landsbyggðarinnar endurskoðuð.

Greinargerð.

Á síðustu árum hefur höfuðborgarsvæðið vaxið ört og teygir sig nú langt norður Vesturlandið og austur á Suðurlandið. Áherslur sveitarfélaga sem tilheyra þessu nærsvæði taka meira og meira mið af þeirri þróun. Hin eiginlega landsbyggð og styrkleiki hennar og vægi veikist enn frekar en orðið er og áherslur hljóta að taka mið af því. Í flestum tilfellum fara hagsmunir höfuðborgarsvæðisins og landsbyggðarinnar saman en þó ekki alltaf.

Fundurinn telur nauðsynlegt að þessar breytingar verði skoðaðar og greindar sérstaklega.

Virðingarfyllst

f.h. SSA

*Þorvaldur Jóhannsson*  
Þorvaldur Jóhannsson  
Framkvæmdastjóri

ps. Áður sent á netfang nefndasvid@althingi.is